



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 18. október 2023 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrondar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Erla María Lárusdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson, Ragnar Már Björnsson varamaður Péturínu Laufeyju Jakobsdóttur, og Ólafur Þór Ólafsson staðengill sveitarstjóra.

Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 1.-2. dagskrárið.

Oddviti stjórnaði fundi, sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar óskaði oddviti eftir heimild til að setja á dagskrá undir liðnum Önnur mál, trúnaðarmál v. reksturs. Sú ósk var samþykkt samhljóða af sveitarstjórn.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit janúar-ágúst 2023 og framkvæmdayfirlit janúar-ágúst 2023.

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrir janúar-ágúst 2023 og framkvæmdayfirlit fyrir janúar-ágúst 2023 sem sveitarstjóri og verkefnastjóri fjármála fóru yfir og útskýrðu. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

2. Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2023

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka 2 við fjárhagsáætlun ársins sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði. Í tillögunni er gert ráð fyrir breytingum á rekstri sem nema 10 m.kr. í gjöld umfram tekjur. Rekstrarniðurstaðan samkvæmt tillögu að viðauka 2 við áætlun verði því 61,7 m.kr. í gjöld umfram tekjur. Stærstu breytingar í rekstri tengjast auknu framlagi Jöfnunarsjóðs, á móti skólaakstri, leikskólastuðningi, skipulagsbreytingu á skrifstofu og kjarasamningsbreytingum. Viðaukanum verður mætt með lækkun á handbæru fé.

Var viðaukinn borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

3. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir þau málefni sem unnið hefur verið að á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.



4. Staða byggðasamlaga

Tekin til umræðu þau formlegu samskipti sem átt hafa sér stað milli fulltrúa sveitarfélaga vegna stöðu byggðasamlaga. Engar frekari viðræður hafa átt sér stað og fram hefur komið að fulltrúi Húnabyggðar gengur út frá því að slit byggðasamlaga sem Skagaströnd, Skagabyggð og Húnabyggð eiga aðkomu að verði við árslok 2024.

5. Reglur um notendasamninga vegna útfærslu á þjónustu við fatlað fólk

Lagðar fram nýjar, ósamþykktar reglur Skagafjarðar um notendasamninga sbr. 28.gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 10.gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Við framkvæmd reglna þessara skal framfylgja þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist og þá sérstaklega samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Reglur þessar ná einnig til íbúa Húnabyggðar, Húnaþings vestra, Skagastrandar og Skagabyggðar, sbr. samning um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk.

Reglurnar voru unnar af aðilum fagráðs málefni fatlaðs fólks sem samþykkti reglurnar fyrir sitt leyti í ágúst sl. og vísaði þeim til umfjöllunar framkvæmdaráðs og til afgreiðslu hjá hverri sveitarstjórn aðildarfélaga þjónustusamnings um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra. Framkvæmdaráð fjallaði um reglurnar á fundi sínum 11.september sl.

Sveitarstjórn samþykkir reglurnar samhljóða.

6. Kvennaverkfall 24. okt. 2023

Lagður fram til kynningar tölvupóstur frá sviðsstjóra kjarasviðs Sambands ísl. sveitarfélaga Þar kemur fram að á fjórða tug samtaka kvenna, hinsegin fólks og launafólks blása til heils dags kvennaverkfalls þann 24. október næstkomandi.

Samband íslenskra sveitarfélaga tekur undir þau meginmarkmið kvennaverkfalls að hefðbundin kvennastörf, jafnt launuð sem ólaunuð, skuli meta að verðleikum og hvetur sveitarfélög til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að vinnuframlag kvenna og kvára sé sýnilegt og að sem flest þeirra geti tekið þátt í baráttudeginum 24. október, að hluta eða í heild. Ráðlagt er að því verði beint til stjórnenda að byrja þegar í stað að huga að skipulagi starfseminnar þennan dag í samráði við starfsfólk. Tryggja þarf að karlar gangi í öll störf sem þeir geta og að dregið sé úr starfsemi þar sem það er hægt með það að leiðarljósí að nauðsynlegustu almannaþjónustu sé sinnt og að öryggi og heilsu fólks sé ekki stofnað í hættu. Ekki skal draga af launum starfsfólks sem tekur þátt í kvennaverkfallinu í samráði við sinn



stjórnanda. Áréttáð er að ekki er um eiginlegt ver�fall að ræða þar sem um verkföll gilda sérstök lög og reglur og að ábyrgð á starfsemi er á forræði hlutaðeigandi stjórnanda.

Sveitarstjórn samþykkir að beina því til stjórnenda að huga að skipulagi starfseminnar þennan dag í samráði við starfsfólk.

7. Sorpsamþykkt – fyrirmynnd

Lögð fram drög að sorpsamþykkt fyrir sveitarfélagið sem unnin hafa verið af ráðgjafa sveitarfélagsins og yfirlesin af Samb. ísl. sveitarfélaga.

Sveitarstjórn felur starfandi sveitarstjóra að vinna málið áfram.

8. Tilnefning í Samgöngu- og innviðanefnd SSNV

Lögð fram ósk frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, dagsett 6. sept. 2023, þar sem óskað er eftir tilnefningu eins fulltrúa frá Sveitarfélaginu Skagaströnd í samgöngu- og innviðanefnd SSNV.

Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Erlu Maríu Lárusdóttur sem aðalfulltrúa og til vara Halldór Gunnar Ólafsson.

9. Tilnefning í Heilbrigðisnefnd Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra

Samkvæmt samstarfssamningi um skipan heilbrigðisnefndar og rekstur Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra skulu sveitarfélögin í Austur Húnavatnssýslu skipa einn aðalmann í heilbrigðisnefnd og einn til vara. Samkv. upplýsingum frá HNV skipar Húnabyggð aðalmann og Skagaströnd varamann. Skagaströnd hefur ekki tilnefnt sinn fulltrúa í nefndina.

Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Guðbjörgu Evu Guðbjartsdóttur sem varamann í heilbrigðisnefnd.



10. Þjónustusamningur Sveitarfélagsins Skagastrandar og Hjallastefnunnar leikskólar ehf. um rekstur leikskólans Barnabóls

Fyrir liggja drög að þjónustusamningi við Hjallastefnuna leikskóla ehf. um rekstur leikskólans Barnabóls.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða þjónustusamninginn og felur starfandi sveitarstjóra að undirrita samninginn.

11. Tjaldsvæðið Höfðahólmum – rekstur

Samningur um rekstur tjaldsvæðis er runnin út og samþykkir sveitarstjórn samhljóða að bjóða út rekstur þess og felur starfandi sveitarstjóra að auglýsa eftir rekstraraðilum.

12. Staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga

Lögð fram til kynningar staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga fyrir árin 2023 og 2024, sem Hag- og upplýsingasvið sambandsins hefur gefið út.

13. Höfðaskóli – gjaldskrá skólamáltíða og frístundar

Lögð fram ósk skólastjórnenda Höfðaskóla dags. 6. sept. 2023 um að sveitarstjórn taki til skoðunar gjaldskrárbreytingu vegna skólamáltíða og frístundar nemenda einstæðra foreldra.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar 2024.

14. Höfðaskóli – öryggismál – aðgangstýringar

Lögð fram beiðni frá skólastjórnendum Höfðaskóla dags. 6. okt. 2023, um fjárhagsviðauka vegna kaupa og uppsetningar á aðgangsstýringum fyrir úthurðir skólans og skrifstofu stjórnenda og vinnuaðstöðu kennara.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar 2024.

15. Sveitarfélag ársins – niðurstaða viðhorfskönnunar Gallup

12. október fór fram verðlaunaafhending fyrir Sveitarfélag Ársins 2023. Þetta er í annað sinn sem Gallup sendir viðhorfskönnun á félagsfólk bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB. Í fyrra var Sveitarfélagið Skagaströnd í sjöunda sæti en var í því fjórða í ár.

Viðhorfskönnunin nær til níu þátta, stjórnunar, starfsanda, launakjara, vinnuskilyrða, sveigjanleika vinnu, sjálfstæðis í starfi, ímynd vinnustaðar, ánægju og stolts og jafnréttis.



Sveitarstjórn óskar starfmönum og stjórnendum til hamingju með niðurstöðuna.

16. Uppbygging á Herring Hotel í húsnæði gömlu síldarverksmiðjunnar á hafnarsvæði

Lögð fram til kynningar drög að afsali vegna Hafnarlóðar 9 ásamt drögum að samstarfslysingu um gerð deiliskipulags í tengslum við uppbyggingu hótels á lóðinni.

Sveitarstjórn samþykkir að fela starfandi sveitarstjóra og oddvita að vinna málið áfram.

17. Uppskeruhátið ferðaþjónustunnar á Norðurlandi

Uppskeruhátið ferðaþjónustunnar á Norðurlandi er einn helsti samráðs- og kynningarvettvangur ferðaþjónustu á því svæði sem kynnt er hverju sinni. Uppskeruhátiðin er lokahóf ferðaþjónustunnar hvert ár og er dagurinn blanda af fræðslu og skemmtun. Að þessu sinni verður ferðast um Austur Húnavatnssýslu og endað á Blönduósi, fimmtudaginn 26. október næstkomandi. Lagt fram til kynningar.

18. Erindi

1. Skíðadeild UMF Tindastóls dags. 17. sept. 2023

Efni: Beiðni um aðkomu að rekstrarstuðningi skíðasvæðisins í Tindastóli
Í erindinu er óskað eftir samtali og samstarfi við sveitarfélögin á Norðurlandi vestra um aðkomu að rekstrarstuðningi við svæðið. Með þeim hætti væri hægt að þjónusta svæðið enn betur en gert er í dag, taka betur á móti fólk og þróa svæðið áfram til að vera mikilvægur hlekkur í afþreyingu og hollri útiveru á Norðurlandi vestra. Óskað er eftir samtali um málið.

Sveitarstjórn samþykkir að fela starfandi sveitarstjóra og oddvita að taka þátt í viðræðum um málið.

2. Hestamannafélagið Snarfari dags. 28 sept. 2023

Efni: Beiðnir um stuðning við æskulýðsstarf og styrk til félagsins 2024.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa beiðnum til gerðar fjárhagsáætlunar 2024



3. Markaðsstofa Norðurlands dags. 28. sept. 2023

Efni: Beiðni um stuðning við Flugklasann Air 66

Í erindi Markaðsstofu Norðurlands varðandi verkefnið Flugklasinn Air66N, er óskað eftir aðkomu sveitarfélagsins að verkefninu með framlagi sem nemur 300 kr. á hvern íbúa á ári í þrjú ár (2024-2026).

Sveitarstjórn telur sig ekki geta komið að verkefninu og samþykkir að hafna erindinu.

4. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 13. okt. 2023

Efni: Ársreikningur 2022 – Lágmarksviðmið og útkomuspá 2023

Í erindi Eftirlitsnefndar er farið yfir þau lágmarksmarkmið sem sveitarfélagið þurfi að uppfylla og einnig lögð áhersla á það við sveitarstjórn að nauðsynlegt sé að fara vel yfir fjárhagslegar forsendur sveitarfélagsins til að ná framangreindum lágmarksviðmiðum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024. Mikilvægt sé að gerð verði útkomuspá fyrir árið 2023 sem grunnforsenda fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024 og skilað til EFS þegar spáin liggur fyrir. Sveitarstjórn er jafnframt hvött til að hafa samband við eftirlitsnefnd óski hún eftir upplýsingum eða leiðbeiningum.

5. Samb. ísl. sveitarfélaga dags. 5. okt. 2023

Efni: Skrá yfir störf sem verkall nær ekki til 2024

Í erindi kjarasviðs Samb. ísl. sveitarfélaga er minnt á að samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og 2. gr. í lögum nr. 129/2020 um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verfalls nær ekki til, skulu sveitarfélög, fyrir 1. febrúar ár hvert, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög, birta skrár (lista) yfir þá starfsmenn sem ekki hafa verfallsheimild. Sérstaklega sé mikilvægt að sveitarfélög framfylgi þessari lagaskyldu þar sem kjarasamningar þeir sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir fyrir hönd sveitarfélaganna losna allir á árinu 2024.

Nauðsynlegt er að skrá yfir störf sem verfall nær ekki til sé uppfærð og unnin í samráði við viðkomandi stéttarfélög til að minnka líkur á deilum komi til verfalla.

Sveitarstjórn felur starfandi sveitarstjóra að vinna upp skrá í samráði við viðkomandi sveitarfélög.



6. Römpum upp Ísland dags. 2. okt. 2023

Efni: Samstarf við sveitarfélög um gerð rampa við húsnæði í þeirra eigu Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur haft aðkomu að verkefninu Römpum upp Ísland frá upphafi verkefnisins og hefur heimild til að leggja verkefminu til 200 millj. kr. samkvæmt breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 (framlög úr fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga). Stjórn RUÍ ákvað á stjórnarfundi þann 19. september s.l. að bjóða hinu opinbera, ríki og sveitarfélögum samstarf um gerð rampa við húsnæði í þeirra eigu. Einnig lagt fram erindi frá Römpum upp Ísland varðandi framkvæmd verkefnisins. Umsóknarfrestur til RUÍ er til 10. desember 2023.

Sveitarstjórn samþykkir að fela starfandi sveitarstjóra ásamt forstöðumönnum að kanna með möguleika á þátttöku í verkefninu.

7. Soroptimistaklúbburinn við Húnaflóa dags. 25. sept. 2023

Efni: Beiðni um styrk vegna verkefnisins Stelpur geta allt Soroptimistaklúbburinn við Húnaflóa býður öllum stelpum á 12. aldursári í fimm sveitarfélögum í Húnnavatnssýslum kost á að sækja námskeið í október í Húnavallaskóla, en klúbburinn hefur boðið upp á þessi námskeið frá árinu 2016.

Sveitarstjórn samþykkir að veita verkefnið styrk að upphæð kr. 50 þúsund.

8. Farskólinn dags. 7. sept. 2023

Efni: Beiðni um rekstrarstyrk/vildargjald fyrir árið 2024

Sveitarstjórn samþykkir að vísa beiðni til gerðar fjárhagsáætlunar 2024

19. Fundargerðir:

1. Fræðslunefnd 7. september 2023

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Í c lið fundargerðar um grunnskólann, leggur skólaráð til við sveitarstjórn að félagsmiðstöðin verði opnuð fyrir nemendur 5-7 bekkjar.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa tillögu til gerðar fjárhagsáætlunar 2024.



Í liðnum önnur mál var fjallað um félagsleg tengsl barna sem kæmu til með að eflast ef börn í Skagabyggð og Skagaströnd hefðu val um í hvoru sveitarfélagini þau sækja vinnuskóla.

Sveitarstjórn samþykkir að tekna verði upp viðræður við Skagabyggð um málið.

2. Félags- og skólaþjónusta A-Hún. 27 sept. 2023

Fundargerð stjórnarfundar Félags- og skólaþjónustu A-Hún frá 27. september lögð fram til kynningar. Í fundargerðinni er samþykktur viðauki við fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustu 2023 sem þarfnað staðfestingar sveitarstjórnar. Kostnaðarhluti Skagastrondar við viðaukann er 460.481 kr.

Sveitarstjórn samþykkir viðaukann við fjárhagsáætlun samhljóða.

3. Stjórni SSNV nr. 97-99 fyrir tímabilið 21. ágúst til 3. október 2023

Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra nr. 97, 98 og 99.

4. Stjórni Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 928-934

fyrir tímabilið 2. júní til 29. sept. 2023

Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 928 til 934.

5. Stjórni Hafnasambands Íslands nr. 455 og 456

frá 18. ágúst og 19. september 2023

Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar Hafnarsambands Íslands nr. 455 og 456.

20. Önnur mál

1. Trúnaðarmál - rekstur

Afgreiðsla sveitarstjórnar var bókuð í trúnaðarbók.



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.12:10

Halldór C. Ólafsson.

Halldór Gunnar Ólafsson

Erla María Lárusdótt.

Erla María Lárusdóttir

Ragnar Már Björnsson

Ragnar Már Björnsson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdótt.

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Arnar Ólafur Viggósson

Ólafur Pór Ólafsson

Ólafur Pór Ólafsson